



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á málþingi Lögmannafélags Íslands
„Skyldur lögmannna gagnvart samfélaginu“
12. maí 2016**

Virðulegi ráðherra
Lögmenn

Það er í anda tímana að Lögmannafélag Íslands efni til málþings um skyldur lögmannna gagnvart samfélaginu, viðfangsefni sem endurspeglar hraðfara breytingar á samskiptum einstaklinga og tengslum þeirra við stofnanir og ríkisvald; vitnisburður um að í réttarríkinu blása sterkir sviptivindar almenningsálits og mælistikur eru mótaðar af alþjóðlegu umhverfi; dómstólar eins og aðrir burðarásar lýðveldisins miklu nær umræðutorginu en fyrrum.

Íslendingar hafa löngum verið stoltir af því að landið var í öndverðu byggt með lögum, fyrsta stofnun þjóðarinnar Alþingi; lög og réttur eldri en kristindómur; lögsögumaðurinn á hinum fyrstu öldum æðstur í þjóðveldinu.

Hinar evrópsku hugmyndir um réttarríkið fundu því samhljóm með gömlum undirstöðum þjóðveldisins og fornum sögum Íslendinga þegar þær voru kynntar með hinni fyrstu stjórnarskrá og svo stig af stigi færðar í íslenskan búning með ítarlegri löggjöf og störfum við dómstóla og lögmennsku.

Við töldum lýðræðið og réttarríkið svo órjúfanlegan hluta af íslensku samfélagi að ekkert gæti raskað því sambýli og jafnvægi; formið ljóst og skilin milli samfélags og réttarríkis dregin skýrum dráttum; hver þáttur þjóðfélagsins var í sínu hólfi: ríki, markaður og samfélag.

Í kjölfar bankahrunsins urðum við þó vitni að því að hamfarir í fjármálum og á mörkuðum, bæði hér og um veröld víða, gátu á skömmum tíma skapað ástand hér heima sem um hríð minnti meira á aðdraganda

byltingar en hina hefðbundnu friðsemd í gangvirki íslenskra stofnana og samfélags; hin skýru skil tóku öll að riðlast.

Lögreglan varð dag og nótt að verja Alþingishúsið, styrkt öllum tiltækum búnaði; kjörnir fulltrúar áttu ekki greiða leið til heimila sinna; umsátur var um Stjórnarráðið og grjóti kastað; litlu munaði að reiður fjöldinn tæki yfir Seðlabankann; ríkisstjórnin féll í kjölfar mótmæla og réttarkerfinu var breytt skömmu síðar; sérstakur saksóknari skipaður til að verða að sögn ráðamanna við kröfum samfélagsins.

Þessi lýsing hefði alla 20. öldina og jafnvel fyrir 10 árum hljómað sem frásögn af fjarlægum landi en er okkur öllum þó í fersku minni; áminning um að jafnvel í friðsömu landi með gamlar rætur réttarríkis og lýðræðis getur umrót samfélagsins sett flest úr skorðum á skömmum tíma: knúið löggjafarvald, framkvæmdavald og dómssvald, allar þrjár stóðir ríkisvaldsins, til að koma til móts við nýjan samfélagslegan veruleika, taka breytingum sem engan hefði órað fyrir.

Nýliðin saga okkar eigin þjóðar sýnir því ótvírætt að samfélagið er orðið öflugur gerandi í þróuðu réttarríki. Umræða okkar um lærdómana sem fylgja slíkum breytingum er þó enn í mótun.

Því er fagnaðarefni að Lögmannafélag Íslands skuli efna til þessa málþings um skyldur lögmannna við samfélagið; hvetja til umræðu sem færir okkur mikilvægt sjónarhorn.

Þessar skyldur eru margslungnar og mótast í ríkum mæli af umbyltingu í samskiptum einstaklinga og stofnana sem við sjáum skýr merki um í nær öllum löndum; í breytingum á heimsmyndinni og allri samskiptatækni sem gert hefur veröldina að einu umræðutorgi. Öldur sem rísa í öðrum löndum geta óvænt skolið á okkar ströndum. Fólk eflir félög þvert á landamæri og samtök einstaklinga sækja kraft í alþjóðleg tengsl. Gagnkvæm áhrif samfélags og ríkisvalds eru orðin flóknari en nokkru sinni. Hver ræður för? er í vaxandi mæli flókin spurning.

Ein er þó sú skylda sem áfram verður sígild, hornsteinn sem réttlætið hefur hvílt á og mun ætíð hvíla á; sú gamla dyggð að dómarrar og lögmenn hafi ávallt hugrekki til að fylgja sannleikanum og réttum reglum; láti ekki haggá sér þótt hagsmunir, valdboð eða sviptivindar tíðarandans knýi á um annað.

Að standa sterkur í stormum sinnar tíðar er og verður ávallt aðalsmerki allra sem þjóna lögum og rétti; að hafa hugrekki til að fylgja dómgreind og sannfæringu; hinni klassísku greiningu á anda og innihaldi laganna.

Umræðan um öll þessi efni er okkur Íslendingum nauðsynleg, einkum í ljósi hinnar sögulegu reynslu síðustu ára. Hún þarf að vera opin og efnisrík og kalla til þátttöku ekki aðeins forseta, ráðherra og lögmennina, heldur einnig dómara, saksóknara og rannsakendur sem hefðin hefur löngum haldið utan við slíka umræðu; einnig fulltrúa almennasamtaka, fjölmiðla og fólk úr málefnaþáttum samtímans.

Í ljósi reynslunnar er viðfangsefnið nú svo brýnt að lýðræðisleg þátttaka allra sem ábyrgð bera er okkur nauðsyn til að ná farsælli niðurstöðu, draga lærdóma sem hvíla á víðtækri samstöðu og sátt.

Ég þakka Lögmannafélagi Íslands fyrir að beita sér í þessum efnum og vona að málþingið hér í dag vísi veginn að árangursríkri umfjöllun á komandi árum; umfjöllun sem myndi treysta hornsteina lýðræðis og réttarríkis; festa í sessi sameiginlegan skilning okkar á sígildum og nýjum skyldum.